

Hverfisráð Hríseyjar

48. fundur

Þriðjudaginn 11. maí kl. 16:00 var 48. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein. Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Aðalsteinn Bergdal og Narfi Björgvinsson. Víðir Björnsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. **Lagt fram bréf frá Samgönguráðuneytinu dags. 13. apríl**
Þetta er svar við bréfi sem Hverfisráð sendi 30. mars sl.
Ákveðið að boða rekstraraðila ferjunnar á fund til að ræða málið frekar
2. **Hreinsunardagur**
Samþykkt að auglýsa hreinsunardag 20. maí kl. 16:30
3. **Gæludýrahald**
Í ljósi þess að í samþykktum Akureyrarbæjar um gæludýrahald er lausaganga katta heimil, ákvað Hverfisráð að fara af stað með undirskriftarlista um að lausaganga katta í Hrísey verði bönnuð. Hægt verður að skrifa á listann á hreinsunardaginn og eftir það mun hann liggja frammi í Eyjabúðinni.
4. **Önnur mál.**
Hríseyjarviti:
Nú er komið að því að fjarlægja fjarskiptabúnað sem búið var að koma fyrir utaná vitanum og koma fyrir í nágrenni vitans. Að ósk skipulagsstjóra átti Hverfisráð að segja til um hvar reisa eigi stöng/mastur til að koma búnaðinum fyrir á. Farið var í vettvangskönnun út í vita og gerð tillaga að staðsetningu fyrir mastrið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Fr. Árnason
Aðalsteinn Bergdal
Narfi Björgvinsson

Fundargerð skráð í tölvu af Guðrúnu Kristjánsdóttur